



Neysla Íslendinga eykst innanlands

Kortavelta Íslendinga innanlands jókst um 12% milli ára í júlí miðað við fast verðlag. Erlendis dróst kortavelta saman um helming.

Mikil aukningin innanlands, annan mánuðinn í röð

Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í júlí.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 81,3 mö.kr. og jókst um 12% milli ára miðað við fast verðlag. Í júní mældist aukningin 17%. Kortavelta Íslendinga innanlands hefur því tekið vel við sér á sumarmánuðunum sem vegur að einhverju leyti upp á móti þeim samdrætti sem varð í apríl og maí, þegar samkomubann stóð sem hæst.


Greiðslukortavelta Íslendinga erlendis nam 9,4 mö. kr. í júlí, sem er samdráttur upp á rúm 50% milli ára. Þetta er töluvert minni samdráttur en sem nemur fækkun utanlandsferða Íslendinga í júlímánuði, en þeim fækkaði um 78% milli ára. Á tímabilinu apríl til og með júlí fækkaði utanlandsferðum Íslendinga um 92% milli ára.

Samanlagt nemur greiðslukortavelta Íslendinga í júlí rúmum 90 mö.kr. sem er 1,3% minni velta en í júlí í fyrra miðað við fast verðlag og fast gengi. Neysla virðist því dragast örlítið saman að raungildi á sama tíma og hún er í auknum mæli innlend.

Kaupum ennþá vörur og þjónustu erlendis frá


Við sjáum að þegar létti á samkomutakmörkunum og Íslendingar héldu í sumarfrí jókst kortavelta innanlands verulega. Þeir fjármunir sem í eðlilegu árferði er varið erlendis skiluðu sér að einhverju leyti í aukinni neyslu innanlands, en þó ekki alveg, því Íslendingar eru áfram duglegir að versla erlendis frá þó svo að ferðalög séu fátíð. Frá því í mars hefur samdráttur í kortaveltu erlendis verið á bilinu 40-60% og má gera ráð fyrir því að þróunin verði með svipuðu móti áfram meðan áhrifa Covid-19-faraldursins gætir.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.




Mikill fjöldi fólksbíla nýskráður í júlí

Við sjáum vísbendingar um að bifreiðakaup hafi aukist hjá landsmönnum sem kann að vera afleiðing af færri utanlandsferðum og auknu svigrúmi til annarra stórkaupa. Í júlímánuði voru samtals 1.606 fólksbílur nýskráðir hér á landi, sem er mesti fjöldi í stökum mánuði síðan í maí í fyrra, og 29% fleiri en í júlímánuði fyrir ári síðan. Um nokkuð áberandi aukningu er að ræða á tímum þar sem almennt hægir á í atvinnu- og efnahagslífinu. Af einstaka gerðum bíla er Model 3 frá bílaframleiðandanum Tesla algengasta tegundin sem hefur verið nýskráð það sem af er ári. Bílar sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum eru um helmingur allra nýskráninga það sem af er ári, samanborið við 18% á sama tíma í fyrra.

Áhrif aukinna samkomutakmarkana eftir að koma fram

Það eru vísbendingar um að neysla Íslendinga hafi tekið við sér og verið nokkuð mikil í júní og júlí innanlands. Hjá sumum hafi skapast svigrúm til aukinnar neyslu vegna færri utanlandsferða, sem hafi e.t.v. verið mætt með auknum stórkaupum. Það er óljóst hvernig næstu mánuðir munu þróast. Gera má ráð fyrir að kortavelta verði minni í ágúst og jafnvel að samdráttar gæti á ný með þeim samkomutakmarkunum sem tóku gildi um síðustu mánaðarmót.

Nýskráning fólksbifreiða



Heimild: Samgöngustofa, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.